

Sigurgeir Jónsson söngkennari og orgelleikari

Afhending 2011/86

Sigurgeir Jónsson var fæddur á Stóruvöllum í Bárðardal 1866. Var þar bóndi 1895-1904. Veturinn 1891-92 dvaldi hann í Reykjavík við músíknám en hafði áður verið á lýðskóla Guðmundar Hjaltasonar, í Laufási. Kenndi í heimasveit sinni söng og hljóðfæraleik, æfði þar söngflokk og var líf og sál í söng og félagslífi sveitunga sinna. Settist að á Akureyri 1904. Söngkennari þar, bæði í einkakennslu og í skólum og kirkjuorganisti 1911-40. Lagði mörgum menningarfélögum lið og starfaði með Góðtemplarareglunni á Akureyri og með Guðspekistúkunni á Akureyri frá stofnun hennar. K. 1895, Friðrika Tómasdóttir (1871-1953).

Afhendingin kom frá Minjasafninu á Akureyri. Áður, 1.4.2005, afhenti Sverrir Pálsson skjöl frá Sigurgeiri (afh. 2005/18)

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

22. janúar 2019

Kristín María Hreinsdóttir

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Sigurgeir Jónsson (1866 - 1954) söngkennari			2011 / 86
AA-Sálmaskrár		1954 - 1954	
2011 - AA / 1	1	1954- 1954 Sálmaskrár, Sigurgeir Jónsson.	
AB-Tónlistarnótur		-	
2011 - AB / 1	1	- Nótur af laginu Þrá eftir Sigurgeir Jónsson útsetning eftir Jóhann Ó Haraldsson.	